




Flugvallarvegur 7-7A – Umsókn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. maí 2024 var lögð fram umsókn Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, dags. 30. apríl 2024, ásamt greinargerð, dags. 29. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðarinnar nr. 7-7A við Flugvallarveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að stækka núverandi húsnæði til norðurs að lóðarmörkum. Einnig eru lagðir fram uppdrættir, dags. 7. júlí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags frá 1999

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu lóðin innan opins svæðis (OP2) við mörk tveggja miðsvæða (M5 og M23).

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð, samþykkt af borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 1999.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til umsóknar Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík um breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðarinnar Flugvallarvegur 7-7A. Áður hefur skipulagsfulltrúi tekið neikvætt í fyrirspurn lóðarhafa varðandi stækkun lóðar til norðausturs og bent á að það kalli á deiliskipulagsbreytingu. Í sömu umsögn var bent á að niðurrif bragga væri háð úttekt og umsögn Borgarsögusafns. Síðan þá hefur lóðarhafi leitað eftir umsögn hjá Borgarsögusafni og Minjastofnun Íslands.

Í umsögn Borgarsögusafns dagsettri mánudag 13. nóvember 2023 segir að æskilegast væri að bragginn við Flugvallarveg 7A stæði eins og aðrir braggar við veginn áfram á sínum upprunalegu stöðum. Það „telur þó að þetta mætti braggabyggðina við Flugvallarveg án þess að söguleg tenging og sanngildi minjanna tapaðist, til dæmis með því að útfæra flutning annars eða beggja minni bragganna innan svæðisins, þ.e. innan þess svæðis eða þeirra lóða sem liggja sunnanmegin Flugvallarvegar og við norðurrætur Öskjuhlíðar.“





Í umsögn Minjastofnunar dagsettri 22. maí 2025 telur hún ekki hentugt „að setja stálgrind braggans í geymslu án þess að liggi fyrir ný staðsetning og ákvörðun um hvenær hann verði reistur á nýjum stað. Stofnunin telur afar mikilvægt að hann verði áfram við Flugvallarveg í þyrpingu með öðrum bröggum frá hernámsárunum til að rýra ekki sögulegt varðveislugildi þeirra og ásýnd svæðisins.“

Leitað var álits skrifstofu samgangna og borgarhönnunar hjá Reykjavíkurborg á flutningi bragga við Flugvallarveg 7A norðaustur við braggabyrpingu á horni Flugvallarveggar og Bústaðavegar. Þótt málið hafi ekki hlotið formlega skoðun er ljóst að fleira mælir gegn þeirri staðsetningu en með henni. Vegna hæðarlegu þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir fyrir stíginn sem liggur ofan við og er meginleið upp í Öskjuhlíð. Aðgengi að bragganum og athafnarými utan hans yrði erfitt. Engin aðkoma yrði leyfð að bragganum beint frá götu. Fara þyrfti á bak við núverandi braggabyrpingu til að komast að honum. Notagildi hans yrði þannig rýrt. Að lokum þarf að taka tillit til aðgengis ferðamanna að Öskjuhlíð, sérstaklega er varðar sjónlengdir og skýrleika leiðarinnar þannig að vel sé hægt að átta sig á staðhátum og finna leið að Perlunni. Líklegt er að braggi á þessum stað myndi torvela aðgengi.

Af ofangreindum ástæðum telur skipulagsfulltrúi að flutningur bragga að Flugvallarvegi 7A sé ekki góð lausn og jafnframt að niðurrið sé ekki í myndinni.

Niðurstaða

- Í stuttu máli er neikvætt tekið í erindið sbr. umsögn að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Óskar Örn Arnórsson

verkefnastjóri



Reykjavík